

Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 56/98
frá 4. júlí 1998

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með
bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir
samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar
nr. 44/98 frá 29. maí 1998⁽¹⁾.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/27/EB frá 22. júlí 1997 um massa og mál tiltekinna
flokka vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra og breytingu á tilskipun 70/156/EBE⁽²⁾ skal
felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 45v (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/79/EB) í I.
kafla II. viðauka við samninginn:

„45w. **397 L 0027:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/27/EB frá 22. júlí 1997 um
massa og mál tiltekinna flokka vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra og breytingu á
tilskipun 70/156/EBE (Stjtið. EB L 233, 25.8.1997, bls. 1).”

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 30, 4.2.1999, bls. 43 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 6, 4.2.1999, bls. 89.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 233, 25.8.1997, bls. 1.

2. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 70/156/EBE) í I. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **397 L 0027:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/27/EB frá 22. júlí 1997 (Stjtið. EB L 233, 25.8.1997, bls. 1).”.

3. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 97/27/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. ágúst 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 4. júlí 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner